

**Sp. 156. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]**

um virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu á árinu 1960 og hraða svo framkvæmdum við virkjunina og línulagningu frá orkuverinu, að orkuverið verði fullgert og háspennulína lögð til Hafnar í Hornafirði fyrir árslok 1961.

**Greinargerð.**

Með lögum nr. 22/1952 um nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins var ríkisstjórninni heimilað að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir.

Samkvæmt tíu ára áætluninni um framkvæmdir í raforkumálum á árunum 1954—1963 átti að virkja Smyrlabjargaá og leggja háspennulínu frá orkuverinu til Hafnar í Hornafirði á árunum 1958—1960. Samkvæmt því var efni keypt í orkuverið 1958 og sumt af því flutt að virkjunarstað.

Að tilhlutun fyrrverandi ríkisstjórnar voru gerðar s. l. vetur breytingar á tíu ára raforkuáætluninni og þá m. a. horfið frá að virkja Smyrlabjargaá að sinni.

Hér er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta hefja virkjun Smyrlabjargaár á þessu ári og hraða svo framkvæmdum við virkjunina og línulagningu frá orkuverinu, að orkuverið verði fullgert og háspennulína lögð til Hafnarkauptúns fyrir árslok 1961.